

Reglugerð meistaramóts 2019

1. grein

GO gengst árlega fyrir meistaramóti í flokkum karla og kvenna, öldungaflokki karla og kvenna og flokkum unglinga og barna.

2. grein

Stjórn GO skal hafa yfirumsjón með framkvæmd mótsins og ákveður þátttökugjöld. Formaður mótanefndar skal skipa mótsstjórn og a.m.k. skipa einn landsdómara og einn héraðsdómara við mótið.

3. grein

Mótsstjórn ákveður staðarreglur, af hvaða teigum skuli leikið og jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar, holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fella niður og eða fresta umferð eða umferðum, vegna veðurs. Staðarreglur og keppnis skilmálar skulu vera auglýstar á heimasíðu og vera sýnilegar í golfskála.

4. grein

Leika skal eftir reglum Royal and Ancient Golf Club of St. Andrew's og farið eftir þeirra reglum um notkun bolta og úrslit móts. Ef tveir eða fleiri leikmenn í verðlaunasætum í högggleik verða jafnir í sínum flokki skal leika bráðabana, þar sem leikin er punktakeppni skal telja fyrst seinni níu holur, því næst sex holur, þá þrjár holur, loks eina holu, fyrst þá holu 18 því næst 17 og áfram þangað til úrslit fást með lægra skori á holu ef það dugir ekki skal hlutkesti ráða. Veita skal verðlaun fyrir 1., 2., og 3. sæti í hverjum flokki. Heimilt er að veita fleiri verðlaun í barnaflokkum.

5. grein

Mótsstjórn raðar keppendum í rástíma á fyrsta degi mótsins í hverjum flokki, hámark þrír saman í holli. Rásröð leikmanna í 2., 3., og 4. umferð ákvarðast síðan þannig að hæsta högggleiks skor eða fæstir punktar í punktakeppni hljóta fyrsta rástíma í hverjum flokki og síðan koll af kolli.

6. grein

Keppt skal í eftirtöldum flokkum og leikið af eftirtöldum teigum án forgjafar í högggleik og með forgjöf í punktakeppni.

- | | | |
|--|-------------------|---|
| • Meistaraflokkur kvenna grunnforgjöf 0 til 10,0 | - teigur 49 | - 72 holu högggleikur |
| • Kvennaflokkur 1 grunnforgjöf 10,1 til 18,0 | - teigur 46 | - 72 holu högggleikur |
| • Kvennaflokkur 2 grunnforgjöf 18,1 til 25,0 | - teigur 46 | - 72 holu högggleikur |
| • Kvennaflokkur 3 grunnforgjöf 25,1 til 30,0 | - teigur 46 | - 54 holu punktakeppni |
| • Kvennaflokkur 4 grunnforgjöf 30,1 til 54,0 | - teigur 46 | - 54 holu punktakeppni |
| • Meistaraflokkur karla grunnforgjöf 0 til 5,0 | - teigur 58 | - 72 holu högggleikur |
| • Karlaflokkur 1 grunnforgjöf 5,1 til 10,0 | - teigur 54 | - 72 holu högggleikur |
| • Karlaflokkur 2 grunnforgjöf 10,1 til 15,0 | - teigur 54 | - 72 holu högggleikur |
| • Karlaflokkur 3 grunnforgjöf 15,1 til 20,0 | - teigur 54 | - 72holu högggleikur |
| • Karlaflokkur 4 grunnforgjöf 20,1 til 25,0 | - teigur 49 | - 72 holu högggleikur |
| • Karlaflokkur 5 grunnforgjöf 25,1 til 54,0 | - teigur 46 | - 54 holu punktakeppni |
| • Eldri kylfingar kvenna 50 ára og eldri, | -Teigur 46 | - 54 holu högggleikur flokkur 0 – 18,0 forgjöf |
| • Eldri kylfingar kvenna 50 ára og eldri, | -Teigur 46 | - 54 holu högggleikur flokkur 18,1 – 25,0 forgjöf |
| • Eldri kylfingar kvenna 50 ára til 64 ára, | -Teigur 46 | - 54 holu punktakeppni |
| • Eldri kylfingar kvenna 65 ára og eldri, | -Teigur 46 | - 54 holu punktakeppni |
| • Eldri kylfingar karla 50 ára og eldri, | -Teigur 54 | - 54 holu högggleikur flokkur 0 – 15,0 forgjöf |
| • Eldri kylfingar karla 50 ára og eldri, | -Teigur 54 | - 54 holu högggleikur flokkur 15,1 – 25,0 forgjöf |
| • Eldri kylfingar karla 50 ára til 64 ára, | -Teigur 54 | - 54 holu punktakeppni |
| • Eldri kylfingar karla 65 ára og eldri, | -Teigur 46 | - 54 holu punktakeppni |
| • Unglingaflokkur 11 - 13 ára, 14 – 15 ára, 16 - 18 ára ka/kv | - teigar 46/49/54 | - 36 holu högggleikur |
| • Unglingaflokkur 11 - 13 ára, 14 – 15 ára, 16 - 18 ára ka/kv | - teigar 46/49/54 | - 36 holu punktakeppni |
| • Barnaflokkur 10 ára og yngri Stúlkur/Strákar- ljúflingur- 18 holu punktakeppni á Ljúflingi | | |
| • Klúbbmeistarar eru sigurvegarar í mfl. flokki karla og kvenna. Aðrir eru meistarar síns flokks. Komi til þess að meistaraflokkur falli niður er klúbbmeistari sá sem er sigurvegari lægsta forgjafaflokks karla og kvenna hverju sinni. Mótsstjórn er heimilt að endurskoða leikteiga og annað í samræmi við breytingar á flokkum. | | |
| • Mótsstjórn er heimilt að leyfa keppendum að færa sig upp um einn flokk þó forgjöf leikmanns sé ekki í samræmi við grunnforgjöf skv. flokkaskiptingu. | | |

7. grein

Sé þáttaka í einstaka flokkum ekki nægilega mikil þá hefur mótstjórn rétt til þess að sameina flokka eða breyta forgjafarmörkum milli flokka. Mótsstjórn er einnig heimilt að fella niður keppni ef þátttakendur eru færri en 3.